

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík, 10. desember 2024
UST202411-001/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 – Breyting II

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til Selfossflugvallar þar sem vesturbraut flugvallarins er stytta, tekinn er út sá hluti hennar sem er á landi í einkaeigu. Hindranafötum er breytt til samræmis. Opið svæði OP1 er minnkað norðan Selfossflugvallar og verður aðeins á landi í eigu sveitarfélagsins. Landbúnaðarsvæði L2 er stækkað yfir það svæði sem var opið svæði og flugvöllur. Þéttbýlismörkum Selfoss er breytt og þau aðlöguð að breyttri afmörkun Selfossflugvallar og opins svæðis. Heimilt verður að vera með bílakjallara á Selfossi og gildir það líka um flóðasvæði, en kjallarar á slíkum svæðum skulu uppfylla tiltekin skilyrði. Lóðin Austurvegur 20 verður öll miðsvæði, en í dag er um helmingur hennar samfélagsþjónusta.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur